

Skráning skuldabréfa

Skráning skuldabréfa í Kauphöll Íslands



3.700.000.000 kr.
Íslandsbanki hf.
2. flokkur 2005

- Nafnverð útgáfu:** Heildarnafnverð útgefinna bréfa er 3.700.000.000 kr. og hafa öll skuldabréfin þegar verið seld.
- Skilmálar skuldabréfa:** Skuldabréf 2. flokks 2005 eru víkjandi skuldabréf til eiginfjárbáttar A (e. non-innovative hybrid capital), skv. reglum um viðbótareiginfjárliði fyrir fjármálafyrirtæki, nr. 156/2005, sbr. 10. mgr. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Bréfin eru án gjalddaga. Skuldabréfin eru verðtryggð og bera 5,5% vexti. Vexti ber að greiða eftir á, 30. júní ár hvert, í fyrsta sinn 30. júní 2006. Auðkenni bréfanna er ISB 05 2 og ISIN IS0000010965.
- Skráningardagur:** Kauphöll Íslands mun taka bréfin á skrá þann 9. nóvember 2005.



465.000.000 kr.
Reykjaneshöfn
1. flokkur 2005

- Nafnverð útgáfu:** Nafnverð flokksins er 465.000.000 kr. og hafa skuldabréfin öll þegar verið seld.
- Skilmálar skuldabréfa:** Skuldabréf 1. flokks 2005 eru til 10 ára, verðtryggð og bera 3,89% fasta ársvexti. Höfuðstól skuldarinnar ber að endurgreiða með 19 jöfnum afborgunum á sex mánaða fresti, 1. apríl og 1. október ár hvert, í fyrsta sinn 1. apríl 2006. Vexti ber að greiða eftir á, á sömu gjalddögum og afborganir. Auðkenni flokksins í Kauphöll Íslands er RNH 05 1 og ISIN IS0000011666.
- Skráningardagur:** Kauphöll Íslands mun taka bréfin á skrá þann 9. nóvember 2005.

Umsjónaraðili sölu skuldabréfanna og skráningar í Kauphöll Íslands er Íslandsbanki hf., Kirkjusandi, 155 Reykjavík. Skráningarlýsingu og önnur gögn sem vitnað er til í henni er hægt að nálgast hjá umsjónaraðila.

